

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um fjölda dagforeldra

Á fundi borgarráðs, 27. júlí 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um fjölda dagforeldra sem hefja munu störf eftir sumarfrí og hver er aukning/fækkun frá í fyrra. Fulltrúi Flokks fólksins nefndi fyrir um þremur árum að meirihluti borgarstjórnar væri að ganga að dagforeldrakerfinu dauðu. Þá hélt meirihlutinn að dagar dagforeldra væru liðnir og að Brúum bilið væri handan við hornið. Sú varð ekki raunin. Dagforeldrum hefur fækkað úr 204 niður í 86 á tæpum áratug. Árið 2014 voru 700 börn hjá dagforeldrum en þau voru 371 í fyrra. Hvernig verður staðan haustið 2023?

Svar:

Starfandi dagforeldrar haustið 2023 verða alls 77. Eitt dagforeldri verður í leyfi fram á vor 2024.

Alls munu 6 einstaklingar hætta að starfa sem dagforeldri sumarið 2023.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) veitir rekstrarleyfi til daggæslu í heimahúsi en samkvæmt GEV, þann 27. júlí 2023, hefur einn einstaklingur sótt um rekstrarleyfi til daggæslu í heimahúsi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS), daggæsluráðgjafar á Suðurmíðstöð, hafa farið í úttekt til umsækjanda og sent frá sér umsögn til GEV vegna umsóknar. Umsækjandi vill koma til starfa í febrúar 2024. Eins og staðan er í lok júlí 2023 er engin fjölgun dagforeldra eftir sumarfrí 2023.

Haustið 2023 verða 76 dagforeldrar starfandi með fimm barna rekstrarleyfi – 380 börn og eitt dagforeldri er með fjögurra barna rekstrarleyfi. Alls verða haustið 2023 um 384 vistunarpláss hjá 77 dagforeldrum í Reykjavík.

Í ágúst 2023 eru um 48 börn með lögheimili utan Reykjavíkur með vistun hjá dagforeldrum í Reykjavík. Reykjavíkurborg greiddi þann 1. ágúst 2023 niðurgreiðslur til 12 dagforeldra sem starfa í öðrum sveitarfélögum en hjá þeim voru í vistun 22 börn með lögheimili í Reykjavík en þessar tölur geta breyst 1. september.

Veturinn 2022-2023 störfuðu 85 dagforeldrar. Eitt dagforeldri hætti 1. apríl 2023 og eins og áður sagði hafa 6 dagforeldrar tilkynnt til SFS starfslok sumarið 2023.

Ástæður fyrir því að fækkun hefur orðið í starfstétt dagforeldra er m.a. að dagforeldrar hætta vegna aldurs, vilja prufa annan starfsvettvang eða fara í nám. Aldur margra starfandi dagforeldra var og er orðinn hár og starfstéttin hefur lítið endurnýjast.